



**404. fundur Þingvallanefndar
26. nóvember 2013**

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu þann 26. nóvember 2013 kl. 15.00. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Unnur Brá Konráðsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Haraldur Einarsson, Birgir Ármannsson varaformaður, Róbert Marshall og Svandís Svavarsdóttir.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir ritari sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Fjárlög 2014

Nefndarmenn upplýstir um fjárlög til þjóðgarðsins samkv. 1. umræðu fyrir árið 2014.

2. Rekstrar- og fjárhagsáætlun 2014.

Lögð var fram rekstraráætlun fyrir árið 2014. Nefndarmenn óskuðu eftir nánari sundurliðun og útskýringum á næsta fundi ÞVN.

Þjóðgarðsvörður upplýsti að rekstrarmódel þjóðgarðsins, þ.e. samsetning og hlutföll kostnaðar- og tekjuþátta, væri gamalt og miðaðist við rekstrarforsendur sem væru gerbreyttar. Nauðsynlegt væri að færa það til samræmis við núverandi rekstrarforsendur. Mikill vöxtur hefur orðið í fjölgun ferðamanna í þjóðgarðinn og starfsmannafjöldi aukist í takt við það. Framkvæmdir og viðhald eigna hefur vaxið og tekjusamsetning breyst.

3. Framkvæmdir 2013 og framkvæmdaáætlun 2014.

Helstu framkvæmdir 2013 eru millibygging við salernishús (bíslag), pallur við Öxarárfoss, tenging útsýnispalls við göngubrú í Almannagjá, Kirkjugarðsstígur, allar og handrið máluð, byggt undir salernisaðstöðu á Valhallarreit ásamt fleiri smærri verkum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir 2014.

Þráinn Hauksson arkitekt lagði fram gögn um uppbyggingu á Hakinu.

Óskað er eftir frekari umræðum og betri forsendum til að ná utan um þá þætti sem mikilvægastir eru í uppbyggingu innan þjóðgarðsins.

Aðkallandi er að hefja framkvæmdir við bílastæðið á Hakinu fljótlega upp úr áramótum til að unnt verði að klára þá framkvæmd áður en ferðamannatíminn hefst í vor.

ÞVN heimilar þjóðgarðsverði að halda áfram með málið og fara með í útboð bílastæði á Hakinu. Samþykkt með fyrirvara um fjárlög til þjóðgarðsins, þ.e. að hefja framkvæmdir við nýtt bílastæði á Hakinu og hlaðvarpann aftan við Gestastofuna (Fræðslumiðstöðina).

Nefndarmenn ítreka að fara þurfi í þarfa- og þjónustugreiningu innan þjóðgarðsins á næsta ári. Einnig þurfi nefndin að ákveða hvernig uppbygging á Gestastofunni verði háttað.

4. Önnur mál.

Þjóðgarðastofnun. SS spyr hvort haft hafi verið samband við formann og þjóðgarðsvörð vegna umræðu um þjóðgarðastofnun. Ekki hefur verið rætt við þau.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.07.